# Ferðakostnaður
# yngri flokka í knattspyrnu

Vinnulýsing vegna framkvæmdar þegar yngri flokkar í knattspyrnu ferðast á milli landshluta vegna leikja eða móta

Gleði Virðing Metnaður

# Einstaka leikir

Þegar skipulag er komið vegna leikja hjá yngri flokkum hefur þjálfari viðkomandi flokks samband við íþrótta- og verkefnastjóra HK sem í framhaldinu kannar með tilboð í rútu eða flug eftir því sem við á. Í einhverjum tilfellum gæti þjálfari þurft á bílaleigubíl að halda.

- Flug þegar leikir eru á Austurlandi og Vestfjörðum
- Rútur þegar ferðast er til annarra landshluta

Þjálfari þarf að taka fram:

- Ferðatímabil
- Hvert ferðinni er heitið
- Fjöldi í rútu/flug
- Ef þörf er á bílaleigubíl

# Kostnaður þegar farið er í leiki

Iðkendur greiða hluta kostnaðar þegar farið er í leiki á vegum Faxaflóamóts, Íslandsmóts eða bikarleiki sem eru úti á landi. Barna- og unglingaráð sér um að greiða rest.

Iðkendur greiða:

- 17.000 kr. þegar um flug er að ræða
- 6.000 kr. þegar um lengri vegalengdir eru að ræða eins og t.d. á Norðurlandi
- 3.000 kr. þegar um styttri vegalengdir er að ræða

# Framkvæmd greiðslu iðkenda

- Íþrótta- og verkefnastjóri HK sendir þjálfara viðkomandi flokks staðfestingu þegar búið er að bóka ferð.
- Þjálfari stofnar viðburð í Sportabler fyrir þann hóp sem farið er með og sendir tilkynningu á forráðamenn (sjá leiðbeiningar á næstu glærum).

# Leiðbeiningar til þjálfara Sportabler

1. Stofna leikmannahóp
   – Þjálfari stofnar leikmannahóp




2. Stofna viðburð




Gleði Virðing Metnaður

# Leiðbeiningar til þjálfara

- Upplýsingar tilgreindar t.d. „Rútukostnaður vegna.......“




Gleði Virðing Metnaður

# Leiðbeiningar til þjálfara

- Haka við **Gjald fyrir viðburð**
  - Hér þarf að skrá inn upplýsingar vegna greiðslu
  - Reikn. viðtakanda: velja „**HK reikningur vegna ferðalaga**“
- Þegar allar upplýsingar hafa verið skráðar er smellt á „Stofna viðburð“




**Gleði Virðing Metnaður**

# Leiðbeiningar til þjálfara

- Haka við **Gjald fyrir viðburð**
  - Hér þarf að skrá inn upplýsingar vegna greiðslu
  - Reikn. viðtakanda: velja „**Ferðakostnaður vegna yngri flokka**"
- Þegar allar upplýsingar hafa verið skráðar er smellt á „Stofna viðburð"
  - Forráðamenn fá tilkynningu inn á Sportabler




**Gleði Virðing Metnaður**

# Framkvæmd lokagreiðslu

- Bókari HK sér um að bóka reikning þegar hann berst og skráir í kerfið
  - Gjaldkeri BU samþykkir þar sem heildargreiðsla fer út af aðalreikningi BU
- Bókari HK skráir beiðni um samþykki fyrir að millifæra út af 0536-04-761210 (HK reikningur vegna ferðalaga“
  - Gjaldkeri BU samþykkir

# Gistimót – Tilboð í rútur

1. Tengiliður flokksráðs viðkomandi flokks hefur samband við íþrótta- og verkefnastjóra HK þegar liggur fyrir hvaða gistimót verður farið á og óskar eftir tilboði í rútur.

   Tengiliður þarf að taka fram:

   - Ferðatímabil
   - Hvert ferðinni er heitið
   - Fjöldi í rútu

2. Íþrótta- og verkefnastjóri lætur tengilið vita þegar tilboð liggur fyrir.

3. Tengiliður skráir tilboð í kostnaðaráætlunarskjal  sem er notað til að ákvarða heildarverð fyrir iðkanda.

4. Tengiliður lætur þjálfara vita þegar heildarverð fyrir mót er komið

   - Þjálfari stofnar viðburð með greiðslufyrirkomulagi í Sportabler (greiðslur lagðar inn á reikning viðkomandi flokks)

5. Gjaldkeri viðkomandi flokks sér um að greiða allan kostnað út af reikningi viðkomandi flokks.

Gleði Virðing Metnaður